

# SVANURINN

MÍÐVIKUDAGUR 29. OKTÓBER 2014

Kynningarblað



Neutral Compact fyrir litaðan þvott hreinsar burt blettina án þess að litirnir dofni.



Neutral Compact fyrir hvítan þvott heldur hvítum og ljósum þvotti björtum og hreinum.



Neutral Storvask er gott þvottaefni fyrir allan þvott.

## Neutral-þvottaefni er nú enn umhverfisvænna en áður

Neutral-þvottaduft er orðið enn umhverfisvænna en áður eftir breytingar sem gerðar hafa verið á því, nú þarf fjórðungi minna af þvottaefni í hverja vél. Markmið Neutral er að gera vörurnar eins umhverfisvænar og hægt er án þess að slaka á gæðakröfum.

Nú þarf 25 prósent minna af þvottaefni í eina vél en notandinn fær nákvæmlega sömu góðu virkni og áður. Búið er að þjappa öllum tegundum af Neutral-þvottadufti enn meira saman og því er það orðið enn þá umhverfisvænna en það var áður,“ útskýrir Guðrún Húnfjörð, vörumerkjastjóri Neutral á Íslandi.

### Minni umbúðir spara orku

„Einnig er búið er að minnka umbúðirnar en svipaður fjöldi þvotta fæst út úr pakkanum og áður. Með því að minnka umbúðirnar sparast orkunotkun, bæði í framleiðslu- og flutningsferlinu, færri vörubíla og skip þarf til að flytja jafnmarga þvottaskammta og minni umbúðir draga einnig úr úrgangi,“ segir Guðrún og bendir á að minni skammtar í hverja vél þýði einnig að minna skolasit í umhverfið með þvottavatninu. Þá þurfi neytandinn ekki að bera eins mikið heim úr búðinni og spari pláss í þvottahúsinu án þess þó að þurfa að kaupa þvottaefni oftar.

### Enn þá minni skammtar með Compact-vörunum

„Neutral Compact-vörunum hefur verið þjappað enn meira saman og því þarf margfalt minna af því þvottaefni í hvern þvott. Neutral Compact er framleitt bæði fyrir litaðan þvott og hvítan. Það er Svansmerkt, sem staðfestir að það uppfyllir allar kröfur um umhverfisvænstu vörurnar í flokknum.“

„Við leitumst stöðugt við að búa til betri vöru sem neytandinn getur notað án þess að hafa áhyggjur af því að skaða umhverfið eða auka hættu á ofnæmi í fjölskyldunni.“

### Þvegið við lægra hitastig

„Allt þvottaefni frá Neutral, bæði fljótandi og duft, inniheldur ensím sem lyfta blettunum frá efninu sem gerir það að verkum að þvotturinn verður hreinn við lægra hitastig en ella. Það fer betur með fatnaðinn að þvo við lægra hitastig og sparar að sjálf-sögðu orku sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið.“

### Strangar gæðakröfum

Guðrún segir markmið Neutral að gera vörurnar eins umhverfisvænar og hægt er, án þess að slaka á þeim ströngu kröfum sem fyrirtækið sjálft geri um gæði og ofnæmisprófánir.

„Við leitumst stöðugt við að búa til betri vöru sem neytandinn getur notað án þess að hafa áhyggjur af því að skaða umhverfið eða auka hættu á ofnæmi í fjölskyldunni.“

Guðrún Húnfjörð, vörumerkjastjóri Neutral á Íslandi, segir Neutral í stöðugri vörubrúun.  
MYND/ERNIR





# Umhverfisvænni fyrirtæki

Innkaupanetið er nýtt verkefni á vegum Umhverfisstofnunar sem fer af stað 14. nóvember næstkomandi. Það er hugsað fyrir fyrirtæki sem vilja auka vistvæn innkaup og minnka umhverfisáhrif. Fjöldmörg fyrirtæki hafa sýnt verkefninu áhuga.

Innkaupanetið er nýtt verkefni fyrir fyrirtæki sem vilja vinna að umhverfismálum með því að leggja áherslu á vistvæn innkaup og að kaupa inn umhverfismerkta vörur. Fyrirtæki sem taka þátt í Innkaupanetinu fá hjá okkur upplýsingar og einfaldar leiðbeiningar um hvernig best sé að bera sig að. Þau fá jafnframt að auglýsa þátttökuna í verkefninu á heimasíðu sinni, auk þess sem lógó allra þátttakenda verður birt á heimasíðu Innkaupanetsins,“ útskýrir Anna Sigurveig Ragnarsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, en stofnunin hefur yfirumsjón með Svaninum, opinberu umhverfismerki Norðurlandanna hér á landi.

## Vistvæn innkaup draga úr umhverfisáhrifum

Hún segir fyrirtæki oft og tíðum kaupa inn gríðarlegt magn vöru sem getur verið framleidd á afar ólíka vegu og á misjafnlega umhverfisvænan hátt. „Með því að skýra innkaupaferla og styðjast við umhverfismerki í innkaupum er oft hægt að minnka heildarumhverfisáhrif fyrirtækisins umtalsvert.“ Anna Sigurveig segir hægt að finna merktar vörur víða

og í fjölmörgum vöruflokkum.

„Allar vörur sem eru merktar Svaninum eða öðru áreiðanlegu umhverfismerki eru almennt bæði umhverfisvænni og betri fyrir heilsuna en gengur og gerist með sambærilegar vörur. Þá er búið að setja kröfur um allt er varðar vöruna, allt frá vöggju til grafar. Má þar nefna hvernig hráefni er notað í framleiðsluna, hvernig hún hegðar sér á meðan á notkun stendur og hvað verður um hana þegar henni er fargað. Einnig eru gerðar kröfur varðandi umbúðir, gæði og endingu vörunnar því litlu þjónar að vera með vöru sem er umhverfisvæn ef gæðin eru ekki fullnægjandi. Með því að styðjast við umhverfismerki í innkaupum er því auðvelt að sýna fram á að umhverfisáhrif vegna innkaupa minnki,“ segir Anna Sigurveig.

## Góðar undirtektir

Umhverfisstofnun er að sögn Önnu Sigurveigar nú þegar byrj-



Anna Sigurveig Ragnarsdóttir



Fyrirtæki sem taka þátt í Innkaupanetinu fá upplýsingar og einfaldar leiðbeiningar um hvernig best er að bera sig að.

uð að leita til áhugasamra fyrirtækja. „Viðbrögðin hafa verið mjög góð og fyrirtækin sýna verkefninu mikinn áhuga. Í dag langar fjöldann allan af fyrirtækjum, sem eru að gera góða hluti í umhverfismálum, að gera starf sitt sýnilegra. Eins eru mörg fyrirtæki sem vilja vera umhverfisvæn

en vita ekki hvar þau eiga að hefjast handa.“

Anna Sigurveig segir hægt að ná góðum árangri í umhverfismálum og spara heilmikið með því að skoða innkaupamálin og ætti það að henta öllum fyrirtækjum. Hún veitir nánari upplýsingar á [anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is).



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir, geira@365.is, s. 512-5036 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

## GLANSANDI GÓÐUR ÁRANGUR, LÁGMARKSÁHRIF Á UMHVERFIÐ

GLITRA er sérþróað með tilliti til eiginleika íslenska vatnsins, sem þýðir að minna magn þarf af uppþvottaefni. GLITRA uppþvottavélatöflur eru Svansmerktar, sem er trygging þín fyrir því að varan hefur bestu mögulegu virkni en lágmarksáhrif á umhverfið. Með því að nota Svansmerktar uppþvottavélatöflur eins og GLITRU leggur þú þitt af mörkum til umhverfisverndar.

Það er hagkvæmt fyrir þig og umhverfið.



# GRAEN PRENTUN Í ÖLLUM LITUM

*Næst þegar þú þarft á prentun að halda  
sleptu því ekki að fá tilboð frá okkur.*

 **LITRÓF**  
prentsmiðja

Vatnagöðum 14 Reykjavík • Sími 563 6000 • [www.litrof.is](http://www.litrof.is)



YFIR 70 ÁR  
Í ÍSLENSKUM  
PRENTIÐNAÐI





### VANDIÐ VALIÐ Á BLAUT- PURRKUM OG BLEYJUM

**Notkun á** blautpurkkum er mikil en þær eru mismunandi að gæðum. Foreldrar ættu að vera vakandi yfir því hvaða innihaldsefni geta verið í bleyjum og blautpurkkum sem notaðar eru. Mörg efni eru notuð við framleiðslu á pappírbleyjum, má þar nefna sellulósakvoðu, bómull, plastefni, lím, ilm- og litarefni. Sumar bleyjur innihalda krem og ilmefni. Athugið að ilmefnin geta valdið ofnæmi. Ef hugað er að náttúrunni, húð barnsins og hollari vörum ættu foreldrar að velja umhverfsvottaðar bleyjur og blautpurkkur.

**Margar blautpurkkur** innihalda bæði ilm- og rotvarnarefni. Rotvarnarefnið paraben geta haft hormónaraskandi áhrif og ýmis ilmefni geta valdið ofnæmi. Svansmerktar blautpurkkur innihalda hvorki paraben né ilmefni. Á síðu Umhverfisstofnunar er fólk bent á eftirfarandi:

- **Veljum** umhverfsvottaðar bleyjur, hvort heldur um er að ræða tau- eða pappírbleyjur
- **Veljum** bleyjur sem ekki innihalda ilmefni og krem
- **Notum** minna af blautpurkkum - vatn og þvottapoki kemur oftast að jafn góðum notum.
- **Veljum** blautpurkkur án ilmefna og parabena, til dæmis Svansmerktar vörur. Svansmerktar vörur fyrir ungbörn mega ekki innihalda ilmefni.



Grand Hótel er eitt þeirra fyrirtækja á Íslandi sem fengið hafa Svansvottun.

### UPPFYLLA STRANGAR KRÖFUR

**Þegar fólk** velur Svansmerktar vörur hvetur það fyrirtæki til að framleiða vörur sem uppfylla ströngustu umhverfis-, heilsu- og gæðaskilyrði.


**Svanurinn** gerir strangar kröfur til framleiðslu vöru og þjónustu, svo sem um:

- **Hráefnanotkun**
- **Orkunotkun**
- **Notkun hættulegra efna**
- **Útblástur og losun efna í vatn og jarðveg**
- **Umbúðir**
- **Flutninga**
- **Förgun og endurvinnsla**

## GEFÐU GRÆNAR JÓLAGJAFIR

Jólin eru hátíð ljóss og friðar en líka hátíð neyslunnar. Umhverfisstofnun vekur neytendur til umhugsunar og gefur góð ráð til að minnka umhverfisáhrif jóla. Að mörgu er að hyggja við val á jólagjöfum og um að gera að nota ímyndunaraflíð við innþökkunina.

- **Veljið** gæði frekar en magn. Forðist óvandaðar eftirlíkingar sem bila oftast fljótt og enda í ruslinu.
- **Leitið** að Svani. Svansmerktar vörur fást í öllum helstu verslunum og úrval þeirra fer stöðugt vaxandi.
- **Gerid** kröfur sem neytendur. Máttur neytenda er mikill því þeir geta aukið eftirspurn eftir umhverfsvænni vörum og þá eykur markaðurinn framboðið.
- **Gefið** heimatilbúna gjöf. Hvar liggja hæfileikarnir? Í þrjónaskap, sultugerð eða listum?
- **Gefið** upplifun. Þjóðið í leikhús, á námskeið eða í ferð með útivistarfélagi.
- **Gefið** áskrift. Gefið sjónvarpssjúklingi áskrift að góðri sjónvarpsrás og tónlistarunnandanum áskrift að tónlistarvefverslun.
- **Gefið** bágstöddum. Öll þekkjum við fólk sem á allt og vantar ekkert. Gefið til góðs málefnis í þeirra nafni og sendið þeim kort sem útskýrir hvernig gjöfin mun nýtast til góðs.



## UNDRI



Allt um vörurnar frá Undra á:

[WWW.UNDRI.IS](http://WWW.UNDRI.IS)

### Umhverfis- og vistvænni

- **PH gildi** er 7,7 (hlutlaust) og veldur því ekki tæringu á áli né stáli né mattar gólf.
- **Auðniðurbriótanlegur** í náttúrunni og stenst lífníðurbrotsmælingu 301 B (OECD).
- **UNDRI** er örþeyta sem inniheldur tólgarprópýlester (unnin úr tólg) blandað ethoxýlatsápu og vatni.
- **Íslensk framleiðsla** unnin úr náttúrulegum hráefnum.



UNDRI



**Penslasápa**  
Notist til hreinsunar á öllum gerðum málningaráhalda. Nýtist 5-10 sinnum lengur og bjargar hörðnuðum olíu-málningarpenslum.

**Íðnaðarhreinisögur**  
Virkar vel á allar fitur og olíur, hvort sem er í matvælavinnslum eða vélaverkstæðum.



Verndum náttúruna fyrir börnin okkar



Njóttum  
lífsins

